## Græna geggjunin og veðurverkfræðin

Lyndon Baines Johnson (1908-1973), varaforseti John Fitzgerald Kennedy (1917-1963), og forseti að John drepnum, hefur margt afrekað. Þátttaka hans í morði forseta síns er afar líkleg. Árásarheimsveldisstefna Bandaríkjanna og þar með þjónkun við hergagnaauðvaldið, eru eins konar minnisvarðar um manninn. Víetnam stríðið ber þar hæst.

Árið 1962 sagði hann um baráttuna um himinhvolfin og veðurverkfræði: ”Þetta mun gera fólki kleift að ákvarða skýjahjúp heimsins og að lokum stjórna veðrinu. Og sá sem stjórnar veðrinu mun stjórna heiminum.” (Þýðing: KLA.tv).

Bandaríkjamenn tóku til óspilltra málanna. Loftlags- eða veðurverkfræðin (climate engineering, geoengineering) varð til sem vísindagrein. En fleiri ríki tóku við sér, svo nú blómstrar þessi grein í rúmlega sextíu þeirra. Evrópusambandið, Sameinuðu þjóðirnar og Hvíta húsið, hafa samið eigin þróunar- og framvinduáætlanir. Sólarverkfræði, þ.e. viðleitni til að hefta sólskinið, er mikilvæg undirgrein.

Rúmum þrem áratugum, eftir að Lyndon flutti ávarp sitt, sagði í skýrslu frá Bandaríska flughernum (1996) með heitinu: „Veðrið sem vopnauki. Eignarhald á veðrinu 2025“ (Weather as a Force Multiplier: Owning the Weather in 2015):

Veðurfarsbreytingar munu verða þáttur í þjóðlegri og alþjóðlegri öryggisgæslu. Þær má gera einhliða … Það má breyta veðri bæði í árásar-og varnarskyni. Þær má meira að segja nota til fælingar. Tæknin til að skapa regn, þoku og storm á jarðarkringlunni, eða hafa áhrif á veðrið í geimnum – eða skapa gerviveður – er samhæfð hertækninni.

Mannvinaauðjöfrarnir (philanthrocapitalists) hafa séð sér leik á borði, bæði til að auðgast og ráðskast með fólk eins og George Soros, Jeff Bezos, Dustin Moskovitz og Bill Gates, sem og fleiri grængeggjunarauðmenn í tengslum við Silicon Valley og Wall Street. Rockefellerættin reið á vaðið í árdaga.

Það kemur varla á óvart, að Harvard háskóli sé á bólakafi í þessu með auðjöfrunum, sem fjármagna hann. Rannsóknaáætlun hans heitir; „Harvard rannsóknaráætlunin í sólarverkfræði“ (Harvard Solar Geoengeenering Research Program). Bill Gates og vinir hans í Harvard töldu sænsk yfirvöld á að veita leyfi til að sprauta kalkkarbónati (calcium carbonate) í skýin til að kanna áhrif á sólarljósið (Stratopheric Controlled Pertubation Expriment – SSCoPEx).

Ofangreindir starfa í samvinnu við ríkisstjórnir, alþjóða- og rannsóknarstofnanir, sem allar vinna að því að draga úr sólskini, sem berst til jarðar, svo draga megi úr hitun hennar (solar radiation modification, solar engeenering), með því að endurvarpa sólargeislunum út í himinhvolfin.

Mark Symes, forstjóri rannsóknarstofnunar Breta, ARIA, segir t.d.: „Það má hugsa sér, að stjórna megi loftslagi og veðri, bæði staðbundið og hnattrænt, með vandvirknislegum verkfræðiaðgerðum.“

Það eru einnig gerðar tilraunir með endurspeglunaragnir (aerosol), sem er dreift inn í skýjunum með flugvélum eða loftbelgjum.

Annað tilbrigði við veðurstjórnun er „skýjasæðing“ (cloud seeding/aerial cloud seeding), til að losa úr þeim regn. Eins konar nútíma regndans töframannanna. Hagnýting þessarar verkfræði á sér stað víða um veröld. Stundum er notað „silfurjoðíð“ (silver iodide) til að koma í veg fyrir hagl eða til auka að snjókomu.

Margir hafa vafalaust veitt athygli þrálátum rákum á himni, þar sem þotur fara um (chemtrails). Það er hald sumra, að þarna sé um að ræða efnablöndur, eitrað skýjaduft, sem dreift sé af ásetningi til að hafa áhrif á loftslagið, andstætt við sjálfar gufurákirnar (contrails), sem hverfa tiltölulega hratt.

Það er sömuleiðis hald sumra, að heilsuvá stafi af þessum efnablöndum. Dreifing sýkjandi efna er reyndar alþekkt úr hernaði allar götur frá 1946,

þegar erfðaefni (DNA) úr sýklum var sprautað yfir Kínverja og Kóreumenn. Evrópuráðið hefur kveikt aðvörunarljós.

Innanbúðarmaður hjá „Varnar- og þjóðaröryggismálaráðuneyti Bandaríkjanna“ (United States Department of Defence‘s National Security Agency), William Deagle, hefur ljóstrað því upp, að í efnablöndunum séu húðsýkingaragnir (svokallaðir „morgellónar“ (Morgellons)), sem eru gervilífverur, unnar úr örögnum (nanomachine life form), sem ekki fyrirfinnast á jörðinni og valda húðsjúkdómi, „Morgellons Disease.“

Sumir kalla sjúkdóminn reyndar hugarfóstur eða hugvillu, en megineinkennin eru þræðir, sem leita út úr húðinni, og sú tilfinning, að eitthvað skríði undir henni, bíti, brenni eða stingi – og sár, sem ekki gróa.

William bendir einnig á, að ummyndun andrúmsloftsins (atmosphere) í rafgas (plasma) sé í því skyni að hafa áhrif á veður, auðvelda náttúruhernað (geotectonic warfare) og hugstjórnartækni (scalar mind control technologies) í því snjallbrautaneti (smart highways), sem bylgjusendar og -nemar mynda.

Þessi tækni nær ekki einungis til snjallboða (cell, rafker) heldur má meira að segja auðkenna boðtæknilega erfðaefni hvers og eins (DNA) og þannig hafa áhrif á starfsemi heilans og koma hugsunum fyrir í hugskotinu.

https://steigan.no/2023/09/de-jobber-for-a-kjole-ned-jorda-hva-kan-ga-galt/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://www.morgellons.org/

http://www.viewzone.com/morgellonsx.html#google_vignette

http://www.viewzone.com/morgellons2.html

https://www.youtube.com/watch?v=Ns6zT9ViNYo

A Bill Gates Venture Aims To Spray Dust Into The Atmosphere To Block The Sun. What Could Go Wrong? (forbes.com)

https://www.scientificamerican.com/article/mind-control-by-cell/

https://www.earth.com/news/new-technology-paves-the-way-toward-mind-control/

https://www.facebook.com/kla.tv.island/videos/2321568924710647/-

WHAT IN THE WORLD ARE THEY SPRAYING? (2010) (bitchute.com)

WHY IN THE WORLD ARE THEY SPRAYING? (2012) (bitchute.com)

https://www.corbettreport.com/flashback-griffinmurphy/

https://expose-news.com/2024/03/24/cover-up-phone-radiation-research-cancelled-after-safety-risks-uncovered/

https://expose-news.com/2024/03/12/health-impacts-of-electromagnetic-fields-emf/

https://agny.blog.is/blog/agny/entry/2284615/?fbclid=IwAR2tcVGQZQqBSPE2aC5gwMzyUw0Am3ezxaeBEVa3PedsANG4wN9PoHL2vXs

https://rumble.com/v38uz5e-the-sequel-to-the-fall-of-the-cabal-part-28-climate-crisis.html

https://expose-news.com/2023/06/21/carbon-dioxide-has-zero-effect-on-temperatures/

https://www.cnbc.com/2022/10/13/what-is-solar-geoengineering-sunlight-reflection-risks-and-benefits.html

https://expose-news.com/2023/06/20/world-bank-climate-mitigation-projects/

https://cei.org/blog/wrong-again-50-years-of-failed-eco-pocalyptic-predictions/?fbclid=IwAR0mKtiQCHNL7sj9LGgQM2uZVM7HWPc1SFe3DgWEUqvP-TzBJV51_UDpeGc

https://expose-news.com/2023/08/20/uk-governments-nefarious-chemtrail-programme-exposed/

https://chrishedges.substack.com/p/the-chris-hedges-report-with-john?utm_source=post-email-title&publication_id=778851&post_id=142411734&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://steigan.no/2024/03/toppforsker-bekymret-for-kontroversiell-vaerfiksing-det-er-hoyt-spill/?utm_source=substack&utm_medium=email

Whose climate intervention? Solar geoengineering, fractions of capital, and hegemonic strategy- Kevin Surprise, JP Sapinski, 2023 (sagepub.com)

The delusions of the climate power bloc- UnHerd

Klimamanipulasjon er utbredt og risikabelt- steigan.no

Hva er Solar Geoengineering?- steigan.no

Eight States Are Seeding Clouds to Overcome Megadrought | Scientific American

https://archive.vn/MbDCr

https://steigan.no/2024/02/en-teknokratisk-agenda/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2024/02/klimablokkens-vrangforestillinger/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://www.youtube.com/watch?v=rf78rEAJvhY

UK Government Refuses To Deny Chemtrails Exist – The Expose (expose-news.com)

Flashback: Chemtrails, vaccines and the many diseases they cause – The Expose (expose-news.com)

Have you ever wondered why the sky is full of chemtrails? – The Expose (expose-news.com) Vernon cole

What do climate engineering and Morgellons have in common? Chemtrails – The Expose (expose-news.com)

https://expose-news.com/2023/11/24/hidden-agenda-behind-uk-gov-chemtrail-operations/

https://expose-news.com/2023/11/21/dr-william-deagle-chemtrails-contain/

https://steigan.no/2023/09/hvorfor-er-milliardaerer-sa-besatt-av-a-blokkere-sola/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://expose-news.com/2023/08/20/uk-governments-nefarious-chemtrail-programme-exposed/?cmid=08ef1fbd-2a25-4dd5-b6d5-afe630885c31

https://expose-news.com/2023/07/19/what-do-climate-engineering-and-morgellons-have-in-common-chemtrails/

https://expose-news.com/2023/07/21/climate-engineering-is-already-having-severe/

https://expose-news.com/2023/07/01/cia-director-talks-about-chemtrails/

https://expose-news.com/2023/06/25/sixteen-years-ago-un-was-told-about-chemtrails/

https://expose-news.com/2023/05/24/chemtrails-are-not-a-theory-they-are-a-conspiracy-fact/

https://expose-news.com/2023/04/26/legal-challenge-to-stop-geoengineering-launched/

https://www.ecowatch.com/harvard-geoengineering-study-2340292654.html

https://www.facebook.com/malioa/posts/pfbid0teavHZUHUaWGDQrokk4sYos1rpSC6WTUkFZHmSh4ewBXkgnYLp3zGK3WaQ6Z5t7gl

https://expose-news.com/2022/11/16/climate-geoengineering-weather-modification/

https://steigan.no/2023/09/vaermanipulasjon-er-butikk/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://www.euronews.com/my-europe/2023/06/28/european-commission-calls-for-international-discussions-on-risks-of-climate-engineering

Viðbót:

https://expose-news.com/2024/05/09/chemtrails-and-their-impact-on-all-life-on-earth/